

LÖGMANNABLAÐIÐ

14. árgangur | nóvember | 3/2008

Dómurum í Hæstarétti geta orðið á mistök
Er þörf á aðgreiningu málflutningsréttinda?
Á slóðum Vestur-Íslendinga í Kanada



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Fagtengt efni

Ingimar Ingason:
Af vettvangi félagsins 6

Viðtal við Ragnar Aðalsteinsson:
Dómurum Hæstaréttar geta orðið á mistök 12

Lögmanni gert að greiða málskostnað 21

Frumvarpsdrög um greiðsluáðlögun:
Gegn ákvæðum stjórnarskrár 24

Katrín Helga Hallgrímsdóttir:
Er þörf á aðgreiningu málflutningsréttinda? 26

Úr skýrslu um gjafsókn:
Mikilvægt að endurskoða gjafsóknarákvæði laga 27

Fastir pistlar

Borgar Þór Einarsson:
Frá ritstjórn 4

Lárentsínus Kristjánsson:
Pistill formanns 20

Eyrún Ingadóttir:
Fréttir frá félagsdeild 15

Á léttum nótum

Golfsumarið 2008 10

Guðmundur Þór Guðmundsson:
Á slóðum Vestur-Íslendinga í Kanada:
Ferð til fortíðar 16

Af Merði lögmanni 22

Eyrún Ingadóttir:
Í tilefni 100 ára lagakennslu á Íslandi 29

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Borgar Þór Einarsson hdl.

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Lárentsínus Kristjánsson hrl. formaður.
Hjördís Halldórsdóttir hdl.,
varaformaður.
Heimir Örn Herbertsson hrl., ritari.
Jóhannes B. Björnsson hrl., gjaldkeri.
Hildur Friðleifsdóttir, hdl.,
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Á leið frá Hekluveyju í Manitobafylki,
Kanada.

MYNDATAKA:
David Gislason.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.
ISSN 1670-2689

Allt að **16,85%** vextir ...



... **+10%** vaxtaauki!

Þeir sem stofna **SPRON Vaxtabót** á Netinu fyrir 3. nóvember nk. fá um næstu áramót 10% vaxtaauka á áunna vexti*

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. sept. 2008. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

 **spron**
– bankinn þinn



Borgar Þór Einarsson hdl.

Nýja Ísland

Á sama tíma og íslenskir lögmenntu í ferð Lögmannafélagsins til Nýja Íslands í Vesturheimi í ferð til fortíðar, bankaði fortíðin upp á hér heima. Á örfáum sólarhringum hrundi íslenska bankakerfið svo að segja til grunna. Íslenska bankakreppan er sú stærsta í sögunni þegar miðað er við landsframleiðslu.

Eftir þessar miklu hamfarir blasir við breytt mynd - Nýja Ísland, segja sumir. Ekki er ýkja langt síðan farið var að tala um nýja hagkerfið og gamla hagkerfið hér á landi. Það er dálítið kaldhæðnislegt gömlu bankarnir störfuðu í nýja hagkerfinu en „Nýju“ bankarnir munu í raun starfa í gamla hagkerfinu. Það er ekki síður kaldhæðnislegt að íslenskir lögmenntu, sem héldu á vit fortíðar Nýja Íslands í Vesturheimi, snéru heim til nýrrar fortíðar í gamla landinu.

Framundan er mikil endurskoðun á reglum um fjármálamarkaði, ekki bara hér á landi heldur á heimsvísu. Ísland hefur verið hluti af alþjóðlegu fjármálahagkerfi og vonandi verður sú raunin áfram. Á sama hátt og Íslendingar héldu áfram að sækja sjóinn og björg í bú, þrátt fyrir reglulega skipskaða og mikið manntjón, þá verða þeir að halda áfram þátttöku sinni í alþjóðlegum

viðskiptum, þrátt fyrir það áfall sem nú hefur riðið yfir. Hér á landi er til staðar gríðarleg þekking og hæfni á sviði fjármálastarfsemi og hún mun finna sér farveg á nýjan leik þegar um hægist.

Formaður Lögmannafélagsins fjallar í pistli sínum hér í blaðinu um mikilvægi lögmanna við þær aðstæður sem nú eru uppi á Íslandi. Fullyrða má að lögmenntu muni á næstu misserum gegna lykilhlutverki í því að greiða úr þeirri miklu flækju sem hrun bankakerfisins veldur í samfélaginu. Í upplausnarástandi er mikil hætta á að gripið sé til óyndisúrræða. Þá er mikilvægt að lögmenntu gegni því hlutverki sínu að efla rétt og hrinda órétti.

Hrun íslensku bankanna og sú mikla efnahagskreppa sem við nú siglum inn í, má ekki verða til þess að kvikað sé frá þeim grundvallargildum sem íslenskt samfélag byggir á. Af sögunni má draga þann lærdóm að djúp kreppa getur verið gróðrarstía fyrir hvers kyns öfgastefnu og forræðishyggju. Mikil hætta er á því að neyð og örvænting kalli á úrræði sem vega munu að þeim grundvallarrettindum sem samfélagið byggist á, einkum og sér í lagi eignarréttinum og athafnafrelsínu. Þá reynir á réttarríkið og erindreka þess, lögmennina.

Stofnun vörumerkjaréttar með notkun

Fjallað verður um hvaða kröfur eru gerðar til sönnunar um notkun vörumerkja, áhrif Evrópuréttar á túlkun vörumerkjalaga og úrskurði Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.

Kennari Hafdís Ólafsdóttir, aðallögfræðingur Samkeppniseftirlitsins og aðjúntkt við lagadeild Háskóla Íslands. Hún situr jafnframt í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Fimmtudagur 13. nóvember 2008 kl. 16:00-19:00.

Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Skipulagsmál sveitarfélaga

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu réttarreglur skipulags- og byggingarlaga nr. 73 frá 1997, nýjustu úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og helstu dóma. Stiklað verður á frumvörpum til nýrra skipulagslaga og laga um mannvirki sem gert er ráð fyrir að leysi skipulags- og byggingarlög af hólmi.

Kennari Ívar Pálsson hdl. hjá Landslögum.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Þriðjudagur 25. nóvember 2008 kl. 16:00-19:00.

Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Skipti dánarbúa lögerfðareglur, erfðaskrár og aðrir erfðagerningar

Fjallað verður um skipti dánarbúa og þann mun sem er á einka- og opinberum skiptum. Upphafsáðgerðir skipta, framkvæmd og frágang. Lögerfðir og erfðaskrár. Fjallað verður um hvaða formreglur erfðaskrár þurfa að uppfylla, arfleiðsluhæfi, hverju má ráðstafa, kvaðabindingu og breytingu og afturköllun erfðaskrár. Hvenær er erfðaskrá ógild og hvenær er unnt að véfengja hana?

Kennari Steinunn Guðbjartsd. hrl. hjá Borgarlögmönnum

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Þriðjudagur 2. desember 2008 kl. 16:00-19:00.

Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Kaup og sala fyrirtækja

Farið verður yfir aðdraganda og undirbúning við kaup og sölu fyrirtækja. Hver er nýting áreiðanleikakönnunar, forsendur, réttindi og skyldur kaupanda eða seljanda. Einnig verður fjallað um yfirtöku á skuldbindingum, skjalagerð og fleira.

Kennari Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir hrl. hjá Lex.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Þriðjudagur 20. janúar 2009 kl. 16:00-19:00.

Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,- Námskeiðið flokkast undir trílógú í fjármálarétti sem verður haldinn í vetur. Þeir sem skrá sig á öll þrjú námskeiðin fá aukalega 20% afslátt.

Verðmat á fyrirtækjum

Kynntar verða helstu aðferðir við verðmat á fyrirtækjum s.s. margfaldara og núvirðingu sjóðstreymis. Rætt verður um tilgang verðmata og helstu óvissuþætti þeirra. Að lokum verður stutt umræða um þá þætti í rekstri félaga sem ráða því hversu mikils virði þau eru. Eftir fyrirlesturinn ættu þátttakendur að hafa heyrt flest verðmatshugtök sem upp koma í viðræðum um kaup og sölu á fyrirtækjum og hafa grunn til að byggja á ef þeir vilja kynna sér viðfangsefnið frekar. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi grunnþekkingu á helstu liðum rekstrar- og efnahagsreikninga en ekki er ætlast til að þeir hafi tekið kúrs í bókhaldi eða fjármálum. Fyrirlesturinn verður á íslensku en glærur á ensku.

Kennari Lýður Þór Þorgeirsson, MBA, B.Sc. Fyrirtækja-ráðgjöf Kaupþings

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Þriðjud. 18. nóv. 2008 kl. 16:00-19:00.

Verð kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,- Námskeiðið flokkast undir trílógú í fjármálarétti sem verður haldinn í vetur. Þeir sem skrá sig á öll þrjú námskeiðin fá aukalega 20% afslátt.

Lestur og greining ársreikninga

Á námskeiðinu verður farið yfir uppbyggingu ársreikninga og grunnreglur bókhalds. Kynntar verða aðferðir og tekin raunhæf dæmi við greiningu ársreikninga, þ.m.t. kennitölugreiningu. Farið verður yfir vísbendingar um rekstrarstöðvun og gjaldþrot fyrirtækja og velt vöngum um hvenær beri að segja félag til gjaldþrotaskipta. Enn fremur verður farið yfir mikilvægi áritana stjórnenda og endurskoðanda og ábyrgð þeirra. Að loknu námskeiði ættu þátttakendur að geta lagt mat á fjárhagsstöðu félags út frá reikningum og kennitölugreiningu auk þess að geta beitt öðrum aðferðum við mat á því.

Kennari Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Alls 6 klst. Þriðjudagur 27. jan. og 2. feb. 2009 kl. 16:00-19:00.

Verð kr. 25.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

Námskeiðið flokkast undir trílógú í fjármálarétti sem verður haldinn í vetur. Þeir sem skrá sig á öll þrjú námskeiðin fá aukalega 20% afslátt.

Skráning er á
heimsíðu félagsins,
www.lmfi.is



Ingimar Ingason

Af vettvangi félagsins

Skýrsla um gjafsókn

Í framhaldi af gildistöku nýrrar reglugerðar nr. 45/2008 um gjafsókn ákvað stjórn Lögmannafélagsins að láta gera úttekt á því hvort breytingar, sem fólu í sér frekari takmarkanir á gjafsókn frá því sem áður tíðkaðist, stæðust lög og ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Leitaði félagið til þeirra Hjördísa Harðardóttur, hrl. og Arnars Pórs Jónssonar, hdl., sem nýlega skiluðu af sér afar vandaðri skýrslu um efnið en úrdráttur hennar er hér í blaðinu. Stefnt er að því að taka efni skýrslunnar upp við dómsmálaráðuneytið og einnig að kynna félagsmönnum inntak hennar á félagsfundi þar sem rætt yrði um „access to justice“ á breiðum grundvelli, en með sérstakri skírskotun til gjafsóknarmálefna. Einnig hyggst félagið kynna málið fyrir fjölmiðlum.

Athugasemdir um málskostnaðarákvarðanir

Stjórn Lögmannafélagsins hefur á undanförunum árum margsinnis gert athugasemdir við ákvarðanir dómstóla um málskostnað en oft er lítið

samræmi í málskostnaðarákvörðunum milli dómstóla og jafnvel innan þeirra. Hafa ákvarðanir að mati stjórnar ekki alltaf verið í samræmi við ákvæði laga um meðferð einkamála. Ljóst er að úrbóta er þörf og hafa m.a komið upp hugmyndir um nauðsyn þess að settar verði leiðbeinandi reglur varðandi málskostnað í einkamálum, ekki ósvipaðar þeim sem Dómstólaráð hefur sett um þóknun fyrir verjenda- og réttargæslustörf. Í þessu samhengi hefur einnig verið horft til þess að nauðsynlegt sé að lögfesta reglur um málskostnað í stjórn-sýslumálum en slíkar reglur hafa ekki verið til staðar hér á landi enda þótt augljós rök standi til þess. Stjórn félagsins telur brýnt að allir þeir sem hlut eiga að máli ræði saman um leiðir til úrbóta. Hyggst stjórn félagsins setja af stað vinnuhóp til að vinna tillögur um breytingar á lögum þannig að hægt verði að ákvarða málskostnað í stjórn-sýslumálum.

Einfaldari málsmeðferð í fasteignagallamálum

Það fyrirkomulag sem nú gildir um

málsmeðferð í fasteignagallamálum hefur sætt mikilli gagnrýni, bæði af hálfu lögmanna og dómara. Stjórn Lögmannafélagsins hefur rætt um nauðsyn þess að leita leiða til að einfalda málsmeðferð, gera hana hraðvirkari, skilvirkari og ódýrari. Ákveðið hefur verið að leita eftir samvinnu við kennara og nemendur lagadeilda til að vinna að tillögum til úrbóta.

Innheimtumálefni – reglugerð

Alþingi hefur samþykkt sérstök innheimtulög sem taka munu gildi 1. janúar n.k. Jafnframt hefur viðskiptaráðherra boðað að sett verði reglugerð sem muni geyma nánari útfærslu á efni laganna. Stjórn Lögmannafélagsins hefur árangurslaust reynt að fá drög þessar reglugerðar til yfirlestrar enda varða þessi mál störf lögmanna og mikilvægt að tekið verði tillit til sjónarmiða þeirra ekki síður en sjónarmiða skuldara. Stjórn félagsins hyggst á næstunni setja saman vinnuhóp til að fylgja þessu máli betur eftir og til að gæta að hagsmunum lögmanna eins og efni standa til.



Lykillinn að góðri framtíð



*Lykillinn er ný og byltingarkennd þjónusta sem Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum. Með *Lyklinum* getur þú skyggst inn í framtíðina og áætlað eftirlaun og áfallalífeyri í hlutfalli við laun. Þú getur líka séð upplýsingar um núverandi stöðu þína á myndrænan og skýran hátt og fengið ráðleggingar frá okkur um hvað þú þarft að gera til þess að eiga góða fjárhagslega framtíð.*

Sjóðfélagar fá sendan USB-lykil með kynningarmyndbandi, notandanafni og lykilorði sem þeir geta notað til þess að skrá sig inn á *Lykilinn*.

Kynntu þér málið á www.almenni.is eða í síma 440 4900

 **ALMENNÍ**
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Í tilefni af 100 ára afmæli lagakennslu á Íslandi


Í tilefni af 100 ára afmæli lagakennslu á Íslandi færði Lögmannafélag Íslands nýverið lagadeild Háskóla Íslands peningagjöf að fjárhæð krónur 400 þúsund sem ætlaðar eru til uppbyggingar bókasafns deildarinnar.

Lagadagur 2009

Sérstök nefnd hefur hafið undirbúning næsta Lagadags sem verður haldinn 30. apríl 2009 á vegum Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Dómarafélags Íslands. Ákveðið hefur verið að leita á ný til lagadeildanna með efnisval, sem og til nokkurra lögmansstofa, en að auki er gert ráð fyrir að stjórnir félaganna vinni tillögur að efni. Gert er ráð fyrir að málstofum verði fjölgað nokkuð frá síðasta lagadegi og þannig komið til móts við breiðari hóp lögfræðinga.

Konur fjórðungur félagsmanna

Þann 1. október s.l. var fjöldi félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands kominn upp í 770 manns en þar af eru konur 193 eða 25,1% félagsmanna. Konur hafa aldrei verið svo margar í félaginu eða svo stór hluti félagsmanna. Af 770 félagsmönnum



Myndin sýnir þróun kynjahlutfalls félagsmanna í LMFÍ síðustu 10 ár.


eru 333 (44%) lögmenn sjálfstætt starfandi og 119 (15%) lögmenn fulltrúar á lögmansstofum. Þá starfa 278 (36%) lögmenn sem innanhússlögmenn, en af þeim starfa 196 (25%) lögmenn hjá fyrirtækjum og félagasamtökum, en 82 (11%) hjá ríki og sveitarfélögum. Auk þess eru 40 (5%) lögmenn hættir störfum sökum aldurs.

hefur á fjölda og/eða samsetningu félagsmanna,

30 klára hdl-námskeið

Nýlega luku 30 lögfræðingar námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður en upphaflega voru 43 þátttakendur skráðir til leiks. Var þetta annað námskeiðið sem haldið er á þessu ári og það ellefta í röðinni frá því nýtt fyrirkomulag réttindaöflunar komst á. Þetta síðasta námskeið var sérstakt fyrir þær sakir að í fyrsta sinn voru skráðir þátttakendur frá lagadeildum allra þeirra fjögurra háskóla sem útskrifað geta lögfræðinga hér á landi.

Á síðustu misserum hefur fjölgun félagsmanna í Lögmannafélaginu að stórum hluta byggst á auknum umsvifum fjármálafyrirtækja eða starfsemi tengdum þeim. Óvíst er hvort og þá með hvaða hætti þær miklu hræringar sem orðið hafa á fjármálamörkuðum að undanfögnu



Myndin sýnir skiptingu félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

Nýuppgert bókasafn



Bókasafn LMFÍ hefur verið endurnýjað og lagfært. Búið er að stækka rýmið, koma upp snyrtiaðstöðu og kaffiaðstaða er handan við hornið. Auk þess er komin þráðlaus nettenging, tvær nýjar tölvur og aðstaðan öll orðin eins og góð og hugsast getur.

Starfsmenn danska lögmannafélagsins á Íslandi



Í september sl. tók LMFÍ á móti starfsmönnum danska lögmannafélagsins sem komu til Íslands í helgarferð. Danirnir fengu kynningu á starfsemi LMFÍ en fóru svo í hefðbundnar skemmtiferðir út frá Reykjavík.

Golfsumarið 2008



Verðlaunahafar á meistaramóti LMFÍ: F.v. Guðmundína Ragnarsdóttir, Ásgeir Eiríksson, Sigurður Óli Kolbeinsson, Ásgeir Ragnarsson, Gísli G. Hall, Björgvin Þórðarson og Ármann Ármannsson.

I. Minningarmót

Minningarmót LMFÍ 2008 um Guðmund Markússon, hrl. og Ólaf Axelsson, hrl., fór fram 12. júní sl. á Hlíðavelli í Mosfellsbæ í ágætu veðri. Alls tóku 19 golfarar úr lögfræðingastétt þátt í mótinu.

Úrslit urðu þessi:

A. Í keppni um Guðmundarbikarinn (án forgjafar):

1. Guðmundur Sophusson 24 punktar – 13 punktar á síðari níu holum.
2. Pétur G. Thorsteinsson 24 punktar – 12 punktar á síðari níu holum.

3. Davíð Guðmundsson 24 punktar – 11 punktar á síðari níu holum. Davíð er sonur Guðmundar heitins Markússonar.

Þar sem þessir þrír keppendur voru með jafn marga punkta eftir 18 holur réði punktafjöldi á síðari níu holum úrslitum.

B. Í keppni um Óla Axels bikarinn (með forgjöf):

1. Pétur G. Thorsteinsson 45 punktar.
2. Guðmundur Sophusson 37 punktar.
3. Davíð Guðmundsson 36 punktar.



Guðmundur B. Ólafsson.

II. Fjórleikur við tannlækna

Árvið keppni lögmanna við tannlækna fór fram í blíðviðri í Þorlákshöfn þann 24. júní. Áttust við 8 tveggja manna lið. Sigurganga lögmanna hefur staðið í sjö ár og vannst Dentalex bikarinn til eignar á síðasta ári. Trúir lögmálinu og hinni helgu bók töpuðu lögmenn í þetta skiptið, reyndar með mjög litlum mun. Staðfest nákvæm úrslit fengust hins vegar ekki vegna ágreinings um túlkun golfreglna.

III. Fjórleikur við lækna

Keppni við lækna fór fram á Strandarvelli við Hellu þann 23. ágúst. Læknar unnu með sex vinningum gegn fjórum og hafa nú unnið þrjú ár í röð. Við þessu verður augljóslega að bregðast á næsta ári.

IV. Fjórleikur við endurskoðendur

Leikur við endurskoðendur fór fram föstudaginn 6. júní á Hvaleyrarvelli. Veður var gott og endurskoðendur mættu frískir til leiks. Leikar fóru



Ásgeir Ragnarsson var í banastuði á meistaramóti LMFÍ og sigraði bæði keppni með og án forgjafar. Hann ber því titilinn félagsmeistari LMFÍ næsta árið.



Ásgeir Eiríksson, Gunnar Viðar og Karl Ó. Karlsson.

þannig að liðin lönduðu jafn mörgum stigum í hús, 3-3. Það nægði okkur lögmönnum til að halda bikarnum.

V. Meistaramót LMFÍ

Meistaramót lögmanna í golfi var haldið miðvikudaginn 3. september á Urriðavelli en því hafði verið frestað föstudeginum áður vegna ofsaveðurs. Í þetta skipti fór mótið fram í blíðskaparveðri. Til leiks mættu alls 26 sterkir golfarar sem er mjög gott.

Úrslit mótsins urðu þessi:

Án forgjafar

1. Ásgeir Ragnarsson 78 högg
2. Ármann Ármannsson 79 högg
3. Gísli G. Hall 81 högg

Með forgjöf

1. Ásgeir Ragnarsson 71 högg (35 á seinni 9)
2. Sigurður Óli Kolbeinsson 71 högg (36 á seinni 9)
3. Björgvin Þórðarson 71 högg (37 á seinni 9)

Í fjórða sæti einnig á 71 höggi (39 á

seinni 9) var Ólafur Gústafsson en netto skor á seinni 9 holunum réð úrslitum. Ásgeir Ragnarsson ber því heiðurstítilinn félagsmeistari Lögmannafélags Íslands næsta árið.

Næstur holu 4. braut:

Ásgeir Eiríksson, 2,07 metrar

Næstur holu 4. braut:

Guðmundína Ragnarsdóttir, 2,23 metrar

Lengsta teighögg á 14 braut:

Gísli G. Hall.

Kaupping kostaði mótið og bauð upp á regnhlífur fyrir leik (voru reyndar hugsaðar fyrir rigninguna föstudeginum áður en nýttust í staðinn sem sólhlífur!), verðlaunapeninga og mat eftir leik ásamt léttum veitingum. Þakkar Golfnefndin þeim fyrir höfðinglegt framlag.

Við þökkum þeim kylfingum sem tóku þátt í mótum þessa árs fyrir golfsumarið og bjóðum aðra velkomna. Sjáumst að ári.

Með kveðju frá sjálfskipaðri golfnefnd LMFÍ.

Dómurum Hæstaréttar geta orðið á mistök

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur oftsinnis á lögmannsferli sínum vakið athygli fyrir skelegga framgöngu í ýmsum mannréttindamálum. Nú síðast var hann lögmaður Eggerts Haukdal sem var sýknaður í Hæstarétti eftir að hafa fengið endurupptöku á máli þar sem hann var fundinn sekur um fjárdrátt árið 2001. Þar með snéri Hæstiréttur við fyrri dómi sínum en það er afar sjaldgæft að heimiluð sé endurupptaka máls fyrir Hæstarétti.

Eggert ranglega sakfelldur

Á hvaða forsendum var mál Eggerts tekið upp og hafnað í tvígang áður en það var samþykkt?

Í upphaflegum refsidómi frá 2001 urðu Hæstarétti á veruleg mistök við mat á sönnunargögnum. Meginsönnunargagn ákærvaldsins var endurskoðunarskýrsla frá einu helsta endurskoðunarfyrtæki landsins en það var ekki í stöðu óháðs aðila þar sem ættartengsl voru milli ríkissaksóknara og eigenda þess. Þegar málið var flutt öðru sinni fyrir dómstólum tókst að sýna fram á með aðstoð utanaðkomandi endurskoðanda, sem veitti vörninni sérfræðiaðstoð, að hinu virta endurskoðunarfyrtæki höfðu orðið á stórfelld mistök sem leiddu til þess að skjólstæðingur minn var tvíákærður fyrir sömu háttsemina. Lögreglumenn þeir sem unnu að rannsókn málsins lögðu skýrslu endurskoðunarfyrtækisins til grundvallar rannsókn sinni og treystu réttmæti hennar. Ríkissaksóknari lagði skýrsluna til grundvallar ákæru og sönnunarfærslu fyrir dómi. Þó að vörninni hafði tekist að sýna fram á að skýrslan var í verulegum atriðum gölluð og ónothæf sem sönnunargagn í opinberu máli byggði Hæstiréttur samt á henni sem sönnun um sekt skjólstæðings míns um eitt atriði af þremur í ákæru. Draga verður í efa að í nokkru

siðuðu ríki hefði dómstóll byggt sakaráfall á sönnunargagni sem fyrir lá að var í verulegum atriðum gallað og rangt. Slíku sönnunargagni hefði verið vikið til hliðar sem ónothæfu. Það gerði Hæstiréttur hins vegar ekki. Hann taldi að þótt gagnið væri að mestu ónothæft og hefði leitt til rangrar ákæru mætti samt sem áður notast við rifrildið af skýrslunni sem sönnunargagn til að fella sök á ákærða.

Ævintýrleg rök dómara

Prívegis var leitað endurupptöku málsins en dómara Hæstaréttar vörðust fimlega og höfðu á lofti hin ævintýrlegustu rök fyrir því að viðurkenna ekki að dómstólum hefði orðið á í messunni. Eitt helsta ágreiningsmálið var um sönnunargildi endurskoðunarskýrslunnar og frá fyrsta degi var bent á að málið yrði ekki dæmt á grundvelli þeirrar skýrslu. Óhjákvæmilegt væri að fram færi bókhaldsrannsókn óháðra kunnáttumanna tilkvaddra af dómstólum. Á þetta féllust dómstólar ekki en um það hafa þeir síðasta orðið samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Í vörn Hæstaréttar fyrir einni endurupptökubeiðninni voru borin fram þau rök að verjandinn hefði ekki séð til þess að slíkir menn yrðu dómkvaddir. Með því var leitast við að koma ábyrgð á refsidóminum á verjandann!

Í þriðja sinn sem óskað var endurupptöku var því mótmælt að þeir dómara sem fyrir höfðu komið að málinu tækju afstöðu til beiðninnar og þess krafist, með ítarlegum rökstuðningi, að þeir vikju sæti. Var á það fallist og töldu nýir dómara að skilyrði endurupptöku væru uppfyllt að undangengnum svörum sérfróðra dómkvaddra manna um bókhald.

Hæstiréttur skipaður fimm dómurum, þar af fjórum varadómurum, komst síðan að þeirri niðurstöðu að Eggert Haukdal hefði með dómi Hæstaréttar árið 2001 verið ranglega sakfelldur. Í dóminum eru sönnunargögn metin að nýju og jafnframt stuðst við ályktanir í mati dómkvaddra matsmanna. Nokkuð augljóst má telja að ekki hefði komið til sakfellingar í Hæstarétti árið 2001 ef fallist hefði verið á að fram færi rannsókn á viðkomandi bókhaldi og sú rannsókn verið gerð af óvilhöllum og sérfróðum dómkvöddum mönnum. Ég tel reyndar að Hæstarétti hefði verið skylt, jafnvel án kröfu frá ákærða eða verjanda hans, að kveðja til sérfróða menn til að fara yfir bókhaldið áður en dómur gekk í málinu.

Hvert verður framhaldið?

Rétt er að segja frá því að í hinum nýja dómi Hæstaréttar var fallist á að ríkið skyldi greiða Eggerti Haukdal sakarkostnað í fyrria málinu svo



og beinan útlagðan kostnað við endurupptöku málsins. Hins vegar tel ég líklegt að Eggert muni óska eftir því að sveitarfélagið sem í hlut á geri upp við hann á sanngjarnan hátt þannig að það auðgisti ekki á hinn röngu endurskoðunarskýrslu eða hinum upphaflega sakfellisdómi sem nú er úr gildi fallinn. Eggert Haukdal hefur reyndar í millitíðinni reynt að fá dóm um slíkt uppgjör en

Hæstiréttur hafnaði því að mestu og er augljóst að þar hafði sakfellisdómurinn frá 2001 úrslitaáhrif.

Viðurkenning mistaka

Nú varð algjör umsnúningur í dómi Hæstaréttar, hefur þetta mál fordæmisgildi?

Mál Eggerts Haukdal er fyrsta málið sem Hæstiréttur fellst á að endurupptaka að kröfu dómfellda en gegn

mótmælum ákærvalds. Að því leyti hefur endurupptökuákvörðunin fordæmisgildi. Í hinum nýja dómi felst einnig viðurkenning á því að dómáttar Hæstaréttar séu ekki óskeikulir. Ég hef ástæðu til að ætla að á meðal margra dómara ríki sú skoðun að dómstólar setji niður ef þeir viðurkenni mistök við dóm-gæsluna sem hafi leitt til rangrar niðurstöðu. Ég er þessu með öllu ósammála og tel að virðing almennings fyrir Hæstarétti aukist við það að dómáttar viðurkenni að þeim verði á mistök eins og öðrum.

Meðferð endurupptökumála sérstæð

Eru of þröngar heimildir til endurupptöku mála?

Ég er ekki viss um að heimildirnar séu of þröngar. Gallinn er hins vegar sá að meðferð endurupptökumála er afar sérstæð og lýtur ekki reglum réttarfarslögjafarinnar um málsmeðferð. Telja verður að ákvarðanir í endurupptökumálum séu stjórnvaldsákvarðanir og því ætti að vera unnt að bera þær undir almenna dómstóla og gera kröfur fyrir héraðsdómi um ógildingu slíkra stjórnvaldsákvarðana. Þetta er afar óheppilegt. Ég tel að taka eigi ákvörðunarvaldið um endurupptöku úr höndum hæstaréttardómaranna og fela það sérstökum dómstól sem yrði skipaður einum hæstaréttardómara, einum lögmanni tilnefndum af LMFÍ og formanni sem ekki væri dómari, tilnefndum af laga-deildum háskólanna. Um málsmeðferð fyrir slíkum endurupptökudómstól ættu svo að gilda réttarfarslög.

Eru fleiri svipuð mál í farvatninu? Ekki á skrifstofu minni.

Verjendur mega ekki láta misnota sig

Hvað með nýlega húsleit hjá

hælisleitendum? Þú hefur verið að skoða það mál.

Lögmannsstofan Réttur hefur haft nokkur afskipti af húsleitinni. Það sem einkenndi hana var að ekki beindist grunur að einstökum hælisleitendum heldur voru rökin fyrir húsleitarúrskurðinum þau að á slíkum hópi manna hvíldu almennar grunsemdir um að þeir kynnu að hafa brotið íslensk lög. Það undarlega var að héraðsdómur féllst á húsleitarbeiðni byggða á slíkum lagarökum sem mér virðist vera með öllu óheimilt. Þá gafst þeim sem lögregluaðgerðirnar beindust að ekki kostur á að hafa sér við hlið verjanda að eigin vali en lögreglan skýrði þó frá því að á staðnum hefði verið verjandi. Sá verjandi hlýtur að hafa verið valinn af lögreglunni og verið á vegum hennar. Óhjákvæmilegt er að stjórn LMFÍ kanni það mál og komist til botns í því hvernig staðið var að ráðningu þess verjanda og hvert var hlutverk hans. Verjendur mega aldrei láta misnota sig í þeim tilgangi að gefa heimildarlausum lögregluaðgerðum yfirbragð þess að þær séu löglegar. Um skyldur verjanda gilda strangar laga- og siðareglur og það myndi grafa undan trausti almennings á lögmannastéttinni ef verjendur gættu ekki þeirra reglna.

Rangt að taka mið af dómum um líkamstjón

Breiðavíkursamtökin?


Jú það er rétt að ég hef veitt Breiðavíkursamtökunum lögfræðilega aðstoð. Ríkisstjórnin hefur boðað frumvarp til laga um bætur til handa þeim sem vistaðir voru í Breiðavík. Svo virðist sem að minnsta kosti í upphafi hafi verið tekið mið af dómum um líkamstjón þegar vegið var og metið hvernig ákvarða skyldi bætur til þeirra sem vistaðir voru í Breiðavík þegar þeir voru börn. Ég er ósammála þeirri aðferð. Ég tel

óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að drengirnir sem þar voru vistaðir voru sviptir frelsi, þeir sættu ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð í vistinni og lögboðinni skyldu um skólavist var ekki gætt. Þá voru þeir útilokaðir frá samskiptum við fjölskyldur sínar og þeim var ekki veitt nauðsynleg aðstoð að lokinni vist. Ég tel að við ákvörðun bóta beri að taka tillit til allra þessa þátta og reyndar fleiri.

Endurskipulagning dómstólanna brýn

Hver er skoðun þín á íslensku réttarkerfi?

Því verður ekki svarað með fáeinum orðum. Þó er mér ljóst að Hæstiréttur Íslands ræður ekki við þann málafjölda sem honum er ætlað að leysa úr á hverju ári. Leiðir það óhjákvæmilega til þess að málsmeðferðin og rökstuðningur dóma er ófullnægjandi og hætta á mistökum eykst. Nú eru uppi hugmyndir um nýtt millidómsstig á sviði sakamála og er bót af því. Hins vegar tel ég að það sé ófullnægjandi til að leysa vanda Hæstaréttar. Ég tel að millidómsstig, Landsréttur, sé einnig nauðsynlegt á sviði einkamála. Einkamál í Landsrétti yrðu dæmd af þremur dómum og settar yrðu reglur um hvaða dómum yrði unnt að skjóta til Hæstaréttar og hvaða skilyrði slík mál þyrftu að uppfylla. Í málum sem rekin yrðu fyrir Hæstarétti sætu fimm dómara eða jafnvel sjö hverju sinni og Hæstiréttur myndi kveða upp 50 til 60 dóma á ári í stað 590 dóma eins og árið 2007. Jafnframt sé ég fyrir mér verulega breytingu á því hvernig staðið yrði að samningu forsendna hæstaréttardóma. Ég legg til að við látum af hinu danska fordæmi um knappar dómsforsendur og leitum frekar fyrirmyndar annars staðar svo sem í dómum Hæstaréttar Noregs eða Mannréttindadómstóls Evrópu.



Ég efast ekki um að gæði dóma Hæstaréttar myndu stóraukast við slíka endurskipulagningu dómstólanna. Dómstóllinn hefði miklu rýmri tíma til að semja dóma og gæti þar af leiðandi kafað dýpra en nú er gert og velt fyrir sér fordæmisáhrifum einstakra dóma svo og ummæla í dómsforsendum. Þá þarf hugsanlega að gera þá breytingu á málsmeðferðinni að greinargerðir lögmannna málsaðila verði ítarlegri en nú er og jafnvel er hugsanlegt að hinn skriflegi málflutningur fari fram í tveimur umferðum. Verði sú leið farin er að sjálfsögðu unnt að stytta tímunn til munnlegs málflutnings. Eins og málum er nú háttað eru miklar takmarkanir á hinum skriflega málflutningi og jafnframt leggur Hæstiréttur hart að málflutningsmönnum að hafa hinn munnlega málflutning sem allra stystan. Þetta getur leitt til þess að málflutningsmönnum gefist ekki kostur á að reifa málin nægilega fyrir Hæstarétti.

Um réttarkerfið að öðru leyti þyrfti ég að hafa svo mörg orð að þau komast ekki fyrir í þessu viðtali.



Eyrún Ingadóttir

Völván og veturinn

Það fór kaldur hrollur um lögmenn þegar þeir áttuðu sig á að námskeiðsframboð haustannar sagði til um efnahagshrunið mikla. Boðið var upp á skiptastjórn þrotabúa, uppsagnir starfsmanna, fjárskipti hjóna og sambúðarfólks, kokteilagerð og loks skipti dánarbúa. Það er kaldur vetur í spákortum völvu félagsdeildar en lögmenn bíða spenntir eftir að sjá hvaða námskeið verða í boði á vorönn ... mun þar leynast von um betri tíð og blóm í haga?

Námskeið haustannar

Á vegum félagsdeildar voru skipulögð tíu námskeið til ársloka og þrjú í ársbyrjun 2009. Fimm námskeiðum er þegar lokið: Matsgerðir með Einari Karli Hallvarðssyni. Nokkur hugtök lögfræðinnar með Ásu Ólafsdóttur sem var sérstaklega ætlað starfsfólki lögmennsstofa og heppnaðist afar vel. Einnig var haldið námskeið í skiptastjórn þrotabúa með Kristni Bjarnasyni og sóttu það 27 þátttakendur. Fámennnt var á námskeiðum í uppsögnum starfsmanna sem Hrafnhildur Stefánsdóttir kenndi og í samkeppnisrétti sem Heimir Örn Herbertsson kenndi.

Námsferð til Winnipeg

Sú hefð hefur skapast að fara annað hvert ár í námsferð til að kynna réttarkerfi annarra þjóða, hitta kollega og víkka sjóndeildarhringinn almennt. Í októberbyrjun hélt 25 manna hópur á Íslendingaslóðir í Kanada. Haldið var til Winnipeg þar sem Vestur-íslenskir lögmenn og dómara voru sóttir heim. Frásögn af ferðinni er annars staðar í blaðinu en óvenju margir heltust úr lestinni áður en haldið var af stað.

Fótbolti

Dálítið drama er búið að vera í gangi vegna fótboltamóta

sem Smári Hilmarsson hefur skipulagt árum saman af mikilli samvirksemi og fórnfýsi. Smári fann vænlegan eftirmann í fótboltanefndina sem stóð ekki undir væntingum þegar á reyndi. Þetta er búið að valda angist hjá mörgum en nú er hægt að gleðja fótboltaunnendur með því að haldið verður fótboltamót rétt fyrir jólin. Þetta verður svona „í kjól fyrir jól“ mót fyrir strákana sem þurfa vegna þrenginga á fjármálamarkaðinum að nota sparifötin frá því í fyrra.

RENATA ERLENDSSON
lögglitur dómtúlkur og skjalþýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h + 562 2562 v
GSM: 898 0904 + Fax: 562 2517



Ferðalangar ásamt Vestur-Íslendingunum David Gislason og Neil Bardal sem fylgdu hópnum um Nýja-Ísland og Winnipeg. 1.röð f.v.: David Gislason, Eyrún Ingadóttir, Edda Ólafsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir, Þorsteinn Hilmarsson, Jón Rúnar Pálsson og Neil Bardal. 2.röð f.v.: Guðmundur Þór Guðmundsson, Hanna H. Jónsdóttir, Ástríður Jónsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Ragnar H. Hall, Guðríður Gísladóttir, Kristín Briem, Dögg Pálsdóttir og Guðný Björnsdóttir. 3.röð f.v.: María Guðnadóttir, Sigurður Sigurjónsson, Guðrún Margrét Hannesdóttir, Ingimar Ingason og Margrét Gunnarsdóttir. 4.röð f.v. Árni Björn Valdimarsson, Gestur Jónsson, Guðmundur Rafn Bjarnason og Sigurjón H. Ólafsson.

Ferð til fortíðar

Í byrjun október s.l. efndi Lögmannafélag Íslands til námsferðar á slóðir Vestur - Íslendinga í Manitobafylki, Kanada. Guðmundur Þór Guðmundsson hdl. tók að sér að vera sagnaritari ferðarinnar sem 25 manns tóku þátt í.

Föstudaginn 2. október var haldið til Winnipeg frá Montréal. Þegar járnbrautasamgöngur í Kanada voru í blóma á fyrstu áratugum 20. aldar var Winnipeg skiptistöð milli austur- og vesturhluta landsins. Fort Garry hótelið, þar sem hópurinn dvaldi, var reist árið 1911 að tilhlutan Kyrrahafsjárnbrautarfélagsins og þjónaði lestarfarþegum á fyrri hluta tuttugustu aldar.

Lögmannsstofan Aikins

Síðdegis á föstudeginum var lögmannsstofa Aikins, MacAulay & Thorvaldson LLP heimsótt. Stofan sem var stofnuð árið 1879 er bæði sú elsta og stærsta í Manitobafylki. Fjórir lögmennt af Vestur- íslenskum ættum starfa á stofunni og tóku þrjár þeirra á móti hópnum, J. Timothy Samson, Helga D. Van Iderstine og J. Douglas Sigurdson. Starfsemi stofunnar er umfangsmikil og er veitt þjónusta á flestum sviðum lögfræðinnar, bæði í Kanada og á alþjóðlegum vettvangi. Stofan er til húsa á þremur efstu hæðum hæsta skýjakljúfs Winnipeg og er útsýni þaðan yfir borgina einstakt. Þess má geta að einn lögmannastofunnar,

Guy Joubert, er nýtekinn við sem forseti kanadíska lögmannafélagsins.

Gimli

Laugardaginn 4.október var farið í skoðunarferð um Nýja-Ísland. Leiðsögumaður hópsins var Vestur-Íslendingurinn Davíð Gíslason, bóndi á Svaðastöðum í Árborg og má segja að hann hafi leitt okkur í eftirminnilega ferð til fortíðar.

Landnám Íslendinga í Kanada hófst 1875 og stóð fram á þriðja áratug 20. aldar. Landsvæðið liggur að vestanverðu Winnipegvatni en það er lítill hluti af víðáttumiklum sléttum Vestur-Kanada og ein-

kennist af skóglendi, ökrum, vötnum og votlendi. Landbúnaður er nær eingöngu stundaður í héraðinu sem er mjög dreifbýlt.

Stoppað var í Víðinesi við Winnipegvatn þar sem fyrstu landnemarnir tóku land 21. október 1875 og skoðaður minnisvarði um fyrsta íslenska barnið sem fæddist á Nýja-Íslandi daginn eftir. Bæjarnöfn og örnefni litu kunnuglega út og til dæmis ókum við fram hjá Grund, Hnausum, Kirkjubæ og Reynivöllum svo fátt eitt sé talið. Safnið „New Iceland Heritage Museum“ í Gimli var skoðað en þar er sýning um sögu og menningu íslensku landnemanna. Sýningin er stórfróðleg og dregur vel fram erfitt líf landnemanna fyrstu árin.

Athyglisvert er að íslensku landnemarnir fengu umtalsvert svigrúm til að setja sér eigin löggjöf sem þeir nefndu „Stjórnarskrá“ en kanadíska landstjórnin staðfesti síðar reglurnar. Raunar er réttarsaga héraðsins merkileg og áhugavert að kanna áhrif íslenskrar réttarskipunar þeirra



F.v. Sigurður Sigurjónsson, Þorsteinn Hilmarsson, Gestur Jónsson, Ragnar H. Hall og Timothy Samson.

tíma á regluverkið sem tekið var upp. Bæjarstjórinn í Gimli, Tammy Axelsson, er af íslenskum ættum og tók á móti hópnum á safninu en hún er jafnframt safnstjóri.

Hekluveyja

Næst var haldið til Hekluveyju sem er í vestanverðu Winnipegvatni. Eyjan var tengd fastalandinu með

uppfyllingu um 1970 en þar er nú þjóðgarður og mikil ferðaþjónusta. Þar tók á móti hópnum Brynjólfur Sigurgeirsson eða Binni. Skoðuð var kirkja frá 1922 og kirkjugarður þar sem flest nöfnin á legsteinunum eru íslensk. Enn fremur hús í eigu fjölskyldu Binna sem hefur verið gert upp eins og það var á þriðja áratug síðustu aldar. Þá var skoðað minjasafn með vélum og tækjum sem notuð voru á Hekluveyju á fyrri hluta tuttugustu aldar og um fiskveiðarnar í Winnipegvatni. Á heimleið var komið við hjá Einari Vigfússyni og Rósalind konu hans en Einar sker út fugla í tré og málar sem eru mikil listaverk. Rósalind stjórnar barnakór sem syngur íslensk lög og var gaman og eftirminnilegt að koma á heimili þeirra.

Winnipeg

Sunnudaginn 5. október voru Íslendingaslóðir í Winnipeg þræddar. Auk Davíðs var Neil Bardal útfararstjóri og fyrrum ræðismaður Íslands leiðsögumaður. Leiðsögn þeirra var einstaklega skemmtileg og fróðleg, íslenskar rímur kveðnar og ættjarðarlög leikin. Neil sagði m.a. frá því hversu vel íslensku



Íslendingarnir komu að landi í Víðinesi 21. október 1875. Ingimar Ingason og Guðrún Margrét Hannesdóttir virða fyrir sér minnismerki um fyrsta íslenska barnið sem fæddist í nýlendunni daginn eftir komuna þangað. Einnig sést í David Gíslason og Maríu Guðnadóttur.



Í Gimli er safn um sögu íslensku landnemanna en þar tók á móti okkur Tammy Axelson safnstjóri og bæjarstjóri í Gimli.

landnemarnir hefðu komið fyrir sér í Kanada, reynst nýttir þjóðfélagsþegnar og margir tekist á hendur þýðingarmikil trúnaðarstörf.

Skoðað var þinghús Manitoba fylkis en í garðinum er stytta af Jóni Sigurðssyni sem var afhjúpuð 1921 og er afsteypa styttunnar af Jóni á Austurvelli. Á 17. júní ár hvert er athöfn við styttuna til að minnast

tengslanna við Ísland. Ekið var um hverfin sem Íslendingar bjuggu fyrstu ár landnámsins og ráku þjónustu s.s. verslun og iðnað. Að endingu var farið á skrifstofu blaðsins Lögbergs – Heimskringlu þar sem Caelum Vatnsdal tók á móti hópnum. Heimskringla kom fyrst út árið 1886 og Lögberg árið 1888. Árið 1959 voru blöðin sameinuð og kemur það nú út 24 sinnum á ári.

Áskrifendur að blaðinu eru um 2000 talsins og er því dreift um alla Norður – Ameríku og til Íslands. Hægt er að gerast áskrifandi að rafrænni útgáfu blaðsins á netinu.

Síðdegis þáði hópurinn rausnarlegt heimboð Atla Ásmundssonar, aðalræðismanns Íslands í Manitoba og í framhaldi af því var snæddur kvöldverður í steikhúsinu 529 Wellington sem er talið eitt hið besta í Kanada. Steikin þar stóðst allar væntingar.



Gengið var um íslenskan kirkjugarð á Hekluvejju.

Dómstóll heimsóttur

Á þriðjudagsmorgninum var dómhúsið í Winnipeg heimsótt. Kris Stefanson dómari við Court of Queen's Bench fræddi hópinn um dómstólaskipan Manitobafylkis. Þrjú dómstólar eru í dómhúsinu. The Provincial Court of Manitoba fjallar einkum um sakamál og tiltekin sifjaréttarmál sem eiga uppruna sinn utan Winnipeg. Dómarar við Provincial Court of Manitoba halda þó regluleg dómþing úti í héruðum Manitobafylkis.

Court of Queen's Bench skiptist í Family Division og General Division. Family Division fjallar um hjónaskilnaðar-, forsjár-, ættleiðingar- og barnaverndarmál. General Division fjallar um önnur mál s.s. einkamál, t.d. skaðabóta- og slysamál, fasteignamál og alvarleg sakamál en unnt er að kveðja til 12 manna kviðdóm í síðastnefnda málaflöknum. Unnt er að áfrýja úrlausnum Provincial Court of Manitoba í sakamálum til Court of Queen's Bench. Einnig má skjóta þangað tilteknum ákvörðunum valdsmanna í smærri málum.

Manitoba Court of Appeal fer með æðsta dómsvald í Manitoba. Skjóta má úrlausnum Court of Queen's Bench og Provincial Court of Manitoba til dómstólsins. Við dómstólinn eru skipaðir sjö dómara og dæma yfirleitt þrjú í hverju máli en fimm í



Neil Bardal útfarastjóri sýndi hópnum afar nýtískulega útfararstofu sem hann er að byggja.

hinum veigamestu málum. Auk þessara þriggja dómstóla þá fjallar alríkisdómstóll kanadíska ríkisins um málefni á hendur kanadíska ríkinu eða sem fjallað er um í alríkisreglum. Hæstiréttur Kanada

er æðsti dómstóll kanadíska ríkisins og unnt er að skjóta ákvörðunum lægra settra dómstóla, þ.e. héraðs- og alríkisdómstólsins, en rétturinn ákveður hvaða mál eru tekin til meðferðar.



Kris Stefanson dómari.

Heimsóknin í dómhúsið var síðasti viðburðurinn í hinni skipulögðu dagskrá.

Því er ekki að neita að alvarlegar fréttir af efnahagsvandannum á Íslandi höfðu sín áhrif á þátttakendur á meðan á ferðinni stóð. Eftir stendur þó að ferðin var afar áhuga-verð og skemmtileg, allt skipulag til fyrirmyndar og gestrisni og móttökur einstakar. Ferðin var að sumu leyti ólík öðrum fræðiferðum Lögmannafélagsins vegna þeirrar áherslu sem eðlilega var lögð á sögu og menningu Vestur – Íslendinga en allir þeir sem tóku á móti hópnum voru af íslenskum uppruna. Ljóst er að aðlögunarhæfni, dugnaður og hugrekki íslensku frumbyggjanna verður lengi í minnum haft. Víst má telja að ferðin verði ógleymanleg öllum þeim sem þátt tóku.

Guðmundur Þór Guðmundsson



Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Gerningaveður

Í síðasta pistli ræddi ég um blíkur á lofti í efnahagsmálum þjóðarinnar og fyrirsjáanlegan samdrátt á mörgum sviðum. Ég sá þó ekki frekar en flestir aðrir fyrir það mikla gerningaveður sem skall á nú í október og sér ekki fyrir endann á. Þannig stefnir að óbreyttu í gjaldþrot fjölmargra fyrirtækja bæði stórra og smárra en einnig er hætt við að hrikli mjög í stöðum margra félaga sem litið hefur verið á sem burðarása í þjóðfélaginu til þessa. Næstu miss-erir mun vafalaust reyna mjög á alla innviði okkar samfélags, heilbrigðis-kerfi, félagsþjónustu og allt framkvæmdarvaldið, löggjafann og dómstóla. Ekki síst mun þó reyna á okkur sem þjóð og vonandi berum við gæfu til þess að haga málum þannig að þegar öldurnar lægir þá

stöndum við eftir sterkari þótt það verði væntanlega ekki á fjárhagslegan mælikvarða enda sá mælikvarði sem betur fer kominn aftur í forgangsröðina heldur en verið hefur.

Að mínu mati er mikilvægt nú á tímum sem þessum er mikilvægt að flýta sér eins hægt og mögulegt er. Það á sérstaklega við um aðgerðir stjórnvalda hvort sem er framkvæmdavalds eða löggjafans. Stíga verður til að mynda varlega til jarðar þegar löggjöf er breytt án mikils undirbúnings beinlínis vegna ástandsins. Sérstaklega á það við þegar mikilsverðum meginreglum íslenskra laga er vikið til hliðar um sinn a.m.k. Vissulega skapast þær aðstæður stundum að nauðsynlegt

er að grípa hratt inn í atburðarrásina en kappkosta verður ætíð að aðferðin og niðurstaðan grafi ekki undan trúverðugleika og trausti almennings á því regluverki sem við búum við, og höfum þróað á mjög löngum tíma og með yfirveguðum hætti. Hið sama gildir vitaskuld um traust erlendra þjóða og lögaðila gagnvart okkur því oftast en ekki eiga meginreglur sér beina skírskotun eða samsvörun í rétti okkar helstu vana- og viðskiptaþjóða.

Við þessar aðstæður er og áriðandi að halda uppi lögum og reglu í víðasta skilningi þeirra orða. Þar gegnum við lögmenn sem fyrr mikilvægu hlutverki og berum mikla ábyrgð hvort sem er í sókn eða vörn.



-í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Símaversins er:

- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Símasala.
- Kynna vöru og þjónustu og bóka kynningarfundir.
- Fylgja eftir markpósti.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf., Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501
 heimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is

Lögmanni gert að greiða málskostnað

Í árslok 2007 felldi úrskurðarnefnd lögmanna úrskurð í máli á þann veg að lögmaður sætti áminningu og var auk þess gert að greiða kæranda 50.000 krónur í málskostnað. Þetta er í fyrsta sinn sem úrskurðarnefndin gerir málsaðila í kærumáli gert að greiða gagnaðila sínum málskostnað.

Í þessu tiltekna máli braut lögmaðurinn á ýmsan hátt gegn góðum lögmannsháttum í störfum sínum fyrir kæranda. Meðal annars svaraði hann ekki ítrekuðum fyrirspurnum kæranda um rekstur og stöðu innheimtumáls og veitti kæranda rangar upplýsingar um málsókn fyrir dómi. Lögmaðurinn braut einnig gegn góðum lögmannsháttum með því að draga það að gera úrskurðarnefnd lögmanna viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Úrskurðarnefnd taldi framferði kærða ekki í

samræmi við þær skyldur sem hvíla á lögmanni samkvæmt lögmannalögum og siðareglum lögmanna.

Hægt er að lesa þennan úrskurð nefndarinnar á heimasíðu LMFÍ ásamt öðrum úrskurðum sem fallið hafa.

Þar til nýlega bárust úrskurðarnefndinni að jafnaði 30-40 erindi á ári. Málum hefur fækkað undanfarið og á síðasta ári bárust nefndinni einungis 18 mál. Það sem af er þessu ári hafa nefndinni borist 18 mál.

Úrskurðarnefnd skipa Gestur Jónsson, hrl., formaður, Einar Gautur Steingrímsson, hrl. og Kristinn Bjarnason, hrl.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar,

Dóm- og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.

Brautarholti 28 • 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is

Borgartún Nýtt - Leiga

Til leigu 16 fm. skrifstofuherbergi með aðgengi að fundarherbergi og eldhúsi. Um er að ræða glæsilegt nýtt húsnæði á 3 hæð (lyfta) með vönduðum innréttingum og gegnheilu parketi. Laust strax. (Hugsanlegur möguleiki á einhverjum verkefnumtengdum fasteignaviðskiptum).
Uppl. veitir Elías í síma 898-2007 eða elias@husavik.net



Af Merði lögmanni

Mörður lögmaður gekk æstur í skapi út um dyrnar á Grund, reif upp sígarettupakkann og fékk sér rettu til að róa taugarnar. Hann hefði svo sem mátt vita að hann hefði ekki erindi sem erfiði úr þessari ferð. Allt síðan hann lauk lagaprófi hafði móðir hans látið þannig við hann að peningar yxu á trjánnum og hann hefði alltaf eitthvað aflögu handa henni.

Þar sem Mörður stikaði eftir Hringbrautinni á leið niðri dómhúsið við Lækjartorg, þar sem hann átti að mæta í fyrirtöku, rifjaði hann upp í huganum 79 ára afmælisdag móður sinnar í júlí á síðasta ári. Hann hafði verið í ljómandi skapi, úrvalsvístalan í toppi og hann nýbúinn að tryggja framlengingu á hlutabréfaláninu. Stefna hans um helmings lán á móti eigin fé í hlutabréfasafninu hafði gefið góða raun og ekki skemmdu vaxtakjörin á lánnum í erlendri mynt fyrir gleðinni. Að vera fjárfestir var nú eitthvað annað en þrældómurinn í lögmennskunni!

Mörður fjárfestir græddi pening meðan hann svaf en Mörður lögmaður varð að vinna fyrir hverri krónu. Á þessari viðkvæmu gleðistund hafði hinn annars aðhaldssami maður, Mörður, boðið móður sinni í þriggja vikna skemmtiferð til Flórída að ári, þegar hún yrði áttræð. Þeim mæðginum hafði sammælt um að haustið 2008 myndi vera heppilegasti ferðatíminn.

Nú, ári síðar, var Mörður fjárfestir gjörsamlega rúinn öllum eignum, krónan farin beina leið niður til helvítis og úrvalsvístalan hafði tekið sér bólfestu ekki fjarri þeim stað. Mörður lögmaður sá fram á að geta ekki reiknað með framlagi frá fjárfestinum til að fjármagna skemmtiferðina og ekki var unnt að treysta á að stopul greiðsla reikninga vegna vinnu lögmansins gerði það heldur. Hann hafði því ákveðið að fara í heimsókn til móður sinnar á elliheimilið Grund og tilkynna henni að af ferðinni gæti ekki orðið. Erindi hans mætti engum skilningi hjá gömlu konunni. Hún bar honum á brýn að vera nánös og heimsóknin endaði með því að Mörður rauk á dyr með fúkyrðaflauminn á eftir sér.

Mörður var kominn hálf leiðina niðri dómhús þegar hann reif sig upp úr þessum þönkum og fór að rifja upp málið sem taka átti fyrir. Hans umbjóðandi var annar fallinn fjárfestir, gamall kunningi úr MR. Sá hafði í einu og öllu farið að ráðleggingum greiningardeilda bankanna þegar hann tók fjárfestingarákvarðanir. Mörður dauðsá eftir að hafa látið hann telja sig inná að stefna greiningaraðilum til greiðslu skaðabóta vegna rangrar ráðgjafar. Mörður vissi sem var að um leið og stóru orðin streymdu úr munni þeirra streymdi smáaletrið út um nefið á þeim. „Engin ábyrgð, kæru kunnar.“ Þetta var skíttapað mál og Mörður hefði átt að segja sér það. Álíka gáfulegt og að stefna Væðurstofunni fyrir að spár um blíðviðri á þjóðhátíð í Eyjum gengu ekki eftir. Gamli kunninginn hafði boðið honum upp á nokkra drykki á Mímisbar áður en hann bað hann um að taka að sér málið og Mörður kunni hreinlega ekki við að neita. Mörður vissi líka að gamli kunninginn mundi alls ekki skilja af hverju málið hefði tapast og að öllum líkindum neita að greiða reikninginn. Mörður hugsaði með sér að í besta falli gæti honum tekist að herja út drykk á Mímisbar upp í kostnað næst þegar hann hitti kunningjann þar. Mörður lögmaður gekk því daufur í dálkinn inn um dyrnar á dómhúsinu.

BBN

BBA // LEGAL

Skógarhlíð 12 // 105 Reykjavík // bbalegal.com
23 Berkeley Square // London W1J 6HE // bbalegal.co.uk

Gegn ákvæðum stjórnarskrár

Í drögum frumvarps til laga um greiðsluaðlögun, sem voru til umsagnar hjá laganefnd LMFÍ fyrir stuttu, er að finna þau nýmæli að stofna greiðsluaðlögunarnefnd skipaða af viðskiptaráðherra. Nefndin á að veita einstaklingum sem eiga í verulegum erfiðleikum við að standa við fjárskuldbindingar sínar aðstoð við endurskipulagningu á greiðslu skulda eða eftirgjöf þeirra að hluta eða öllu leyti. Laganefnd gerði ýmsar athugasemdir við drög frumvarpsins, jafnt um einstakar greinar og framkvæmd laganna.



Úrræði gildandi laga ekki komið að gagni

Í gildandi rétti eru ákvæði um nauðasamninga í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 sem kveða á um að gera megi samning um greiðslu skulda og eftirgjöf af skuldum milli skuldara og áskilins meirihluta lánadrottna hans. Slíkur samningur er bindandi fyrir aðra lánadrottna skuldarans uppfylli hann skilyrði laganna um að hafa hlotið samþykki meirihluta kröfuhafa. Af einhverjum ástæðum hefur þetta úrræði ekki komið að gagni þrátt fyrir sérstaka réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, sbr. ákvæði laga nr. 65/1996.

Laganefnd taldi rétt að það yrði kannað hvers vegna úrræði í gildandi rétti virkuðu ekki eins og þeim var ætlað í upphafi og að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að sambærilegar hindranir leyndust í nýju frumvarpi.

Óljóst orðalag og umfangsmikið starf nefndar

Orðalag frumvarpsins er á ýmsan hátt óheppilegt. Víða gætir skilyrða sem eru í eðli sínu mjög matskennd og þar að auki afstæð. Um er að ræða stjórnarsýslunefnd sem gæta þarf að jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar í ákvörðunum sínum og því þarf orðalag að vera skýrt.

Kveða þarf skýrar á um ferli umsóknar í frumvarpsdrögum og í hverju starf greiðsluaðlögunarnefndar á að vera fólgið. Af inntaki frumvarpsdraganna má ráða að hlutverk greiðsluaðlögunarnefndar verður mjög umfangsmikið. Nefndin á að aðstoða umsækjendur við gerð umsókna, skoða og taka ákvörðun um umsóknir, lýsa eftir kröfum, halda utan um kröfulýsingar, gera drög að greiðsluaðlögun, funda með kröfuhöfum, taka ákvörðun um greiðsluaðlögun, og tilkynna kröfuhöfum, veðhöfum, veðþolum, ábyrgðarmönnum og samskuldurum. Allt innan þriggja mánaða umsóknartíma.

Óljós kæruleið

Ekki kemur fram í frumvarpsdrögum hvort ákvörðun greiðsluaðlögunarnefndar sé kærانleg til æðra stjórnvalds eða hvort hún sé endanleg á stjórnarsýslustigi. Ákvörðunin er einhliða og bindandi fyrir alla kröfuhafa skuldara og skal kynnt kröfuhöfum, veðhöfum, veðþolum, ábyrgðarmönnum og samskuldurum skuldara með sannanlegum hætti. Ákvörðun nefndarinnar um niðurfellingu krafna að hluta eða öllu leyti getur því snert lögvarða hagsmuni allra þeirra einstaklinga sem nefndir eru að skuli fá tilkynningu um ákvörðunina en hvergi er skilgreint hvort þessir aðilar fái stöðu aðila við meðferð málsins áður en ákvörðunin er tekin þannig að þeir geti gætt hagsmuna sinna.

Aðför að eignarrétti?

Laganefnd setti einnig stórt spurningamerki við það hvort einhliða niðurfelling greiðsluaðlögunarnefndar á kröfuréttindum að hluta eða öllu leyti standist ákvæði stjórnarskrár. Samkvæmt frumvarpsdrögunum er slík ákvörðun möguleg án samþykkis kröfuhafa og jafnvel án aðkomu hans að ferlinu. Ræður því ekki afl atkvæða kröfuhafa eins og gildir um samþykkt nauðasamninga skv. lögum nr. 21/1991 heldur nefnd skipuð af framkvæmdavaldshafa. Með þessu er verið að setja nýjan kafla í gildandi rétt um lok kröfuréttinda sem heggur nærri stjórnarskrárvörðum eignarrétti kröfuhafa, sbr. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins nr. 33/1944. Um þetta var á engan hátt fjallað í athugasemdum með frumvarpsdrögunum en sagt að þau séu að norskri fyrirmynd án þess að þess sé getið hvernig reynslan hafi verið af þeim þar, hvort önnur úrræði eins og nauðasamningar séu til staðar í norskum rétti og hver afstaða fræðimanna og annarra hafi verið til lagasetningarinnar. Taldi laganefnd að ákvæði frumvarpsdraganna um heimild greiðsluaðlögunarnefndar til þess að fella niður að hluta eða öllu leyti kröfuréttindi aðila einhliða, og jafnvel án samþykkis, kunni að stríða gegn ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar og með vísan til þess væri ekki hægt að mæla með því að drögin yrðu samþykkt óbreytt.



Í laganefnd eru Eva Bryndís Helgadóttir hrl., formaður, Ólafur Eiríksson, hrl., Gísli G. Hall, hrl. Sigríður Rut Júlíusdóttir, hrl, Viðar Lúðvíksson hrl., Eva Margrét Ævarsdóttir, hdl. og Kristín Benediktsdóttir hdl. Lesa má umsögn nefndarinnar í heild sinni á heimasíðu félagsins: www.lmfi.is

Breyting á félagatali

Ný málflytningarréttindi fyrir Hæstarétti Íslands

Ásgeir Jónsson hrl.

Pacta – málflytningur & ráðgjöf
Laugavegi 99
101 Reykjavík
Sími: 440-7900

Ólafur Thoroddsen hrl.

Síðumúla 33
108 Reykjavík
Sími: 588-1855

Ný málflytningarréttindi fyrir héraðsdómi.

Reynir Logi Ólafsson hdl.

SP- Fjármögnun
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Sími: 569-2071

Dagrún Hálfánardóttir hdl.

Landsspítali
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík
Sími: 543-1342

Bjarki Már Baxter hdl.

Málþing ehf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík
Sími: 861-6496

Nýr vinnustaður

Ragnheiður Þorkeldsdóttir hdl.

Fulltingi – lögfræðipjónusta ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Guðbjarni Eggertsson hdl.

Lögmannsstofa Guðbjarna
Eggertssonar ehf.
Austurstræti 17, 6.hæð

101 Reykjavík
Sími: 862-5359

Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.

Lex lögmannsstofa
Hafnarstræti 94
600 Akureyri
Sími: 590-2600

Nýtt aðsetur

Hilmar Gunnlaugsson hrl.

Regula lögmannsstofa
Egilsbraut 8
740 Neskaupstaður
Sími: 580-7900

Sigurður Örn Guðleifsson hdl.

Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 511-3000

Sigurberg Guðjónsson hdl.

Stórhús ehf.
Bæjarlind 4
201 Kópavogur
Sími: 534-2000

Lögmannsstofa Loga

Egilssonar hdl. ehf.
Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnafjörður
Sími: 575-7229

Lögfræðistofa Valgeirs

Kristinssonar hrl.

Hlíðasmára 8, 2.h.t.v.
201 Kópavogur
Sími: 564-2080

Gísli Gíslason hdl.

GLF ehf. lögfræðistofa
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 490-9000



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, hdl.

Er þörf á aðgreiningu málflytningarréttinda?

Sjónarmið um réttaröryggi og neytendavernd eru helstu ástæður þess að lögmennt hafa einkarétt til málflytninga starfa hér á landi. Þó vissulega séu rök fyrir því að fólk hafi frelsi til að ákveða hvern það velur til að flytja mál fyrir sína hönd þá virðist nokkuð almenn sátt um þennan einkarétt lögmannna. Sú þróun er auk þess í takt við þá þróun sem orðið hefur hjá öðrum starfsstéttum með lögverndun starfsheita og löggildingu réttinda. Þá má segja að þessi höft á frelsi manna til að velja sér málflytningarmann séu minni eftir því sem lögmennt verða fleiri. Fjórir háskólar geta nú útskrifað lögfræðinga hér á landi og því ætti enginn skortur að verða á lögmönnum á næstu árum og áratugum.

Málið vandast hins vegar þegar litið er til Hæstaréttar þar sem töluverðar skorður eru við því að héraðsdómslögmennt geti flutt mál fyrir Hæstarétti.

Hver er hæfastur?

Ekki verður séð að réttaröryggi eða neytendum stafi nokkur hættu af því að héraðsdómslögmennt flytji mál fyrir Hæstarétti. Þvert á móti má segja að sá lögmaður sem komið hefur lengst að málinu, unnið það í heild sinni fyrir héraðsdómi og komið fram fyrir hönd umbjóðanda síns jafnvel um árabíl, sé hæfastur til að flytja viðkomandi mál fyrir Hæstarétti.

Hafi lögmaður öðlast réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi má telja fullvíst að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir Hæstarétti. Alltént má fullyrða að þau skilyrði sem sett eru til að öðlast réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður tryggja ekki að lögmaður verði betri til að flytja mál fyrir Hæstarétti en hver annar héraðsdómslögmaður.

Mismunandi reglur landa

Það er nokkuð misjafnt hvernig þessum málum er háttað í nágrennalöndum okkar. Í Bandaríkjunum er einungis gerð krafa um að lögmaður hafi haft réttindi til að flytja mál í einhverju fylki í að minnsta kosti þrjú ár. Önnur skilyrði eru formlegs eðlis, svo sem að leggja inn umsókn og greiða þóknun. Í Danmörku þarf lögmaður að hafa starfað í 5 ár fyrir landsrétti og fá yfirlýsingu frá viðkomandi rétti um að hann hafi þekkingu í réttarfari áður en hann getur flutt mál fyrir Hæstarétti.

Val almennings

Það á að sjálfsgöðu að vera val umbjóðandans, almennings í landinu, hvern hann ræður til að flytja mál sitt. Það er réttaröryggið sem málið snýst um. Það er meira en næg trygging fyrir réttarríkið að aðilar dómsmála hafi ekki val um það almennt hver flytur mál þeirra, þar sem lögmennt hafa einkarétt til málflytninga, þó takmarkanir séu ekki enn meiri.

Litla Prent
Stórt verk lítið mál

prent.is
Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



Listaverkið Hlust er staðsett á vegg andspænis inngöngudyrum minni dómsals Hæstaréttar. Lögmannafélag Íslands færði Hæstarétti listaverkið að gjöf í tilefni 75 ára afmælis réttarins 16. febrúar 1995. Listaverkið er eftir Svövu Björnsdóttur myndlistarmann og minnir á hlust þess sem hlýðir á málf lutning.

Mikilvægt að endurskoða gjafsóknarákvæði laga

Í skýrslu sem Arnar Þór Jónsson hdl. og Hjördís E. Harðardóttir hrl. unnu að beiðni Lögmannafélags Íslands koma fram tillögur til breytinga á núverandi fyrirkomulagi gjafsóknar. Einnig er að finna yfirlit yfir þróun íslenskra reglna um gjafsókn, dómaframkvæmd, samanburð á norrænum reglum og skoðun á Mannréttindasáttmála Evrópu. Skýrslan sjálf er birt í heild sinni á heimasíðu Lögmannafélagsins, www.lmfi.is, en hér á eftir er að finna helstu niðurstöður hennar.

Mannréttindi og jafnræði borgaranna

Gjafsóknarákvæði íslensku einkamálaganna hafa það að markmiði að aðstoða efnaminni einstaklinga við að leita réttar síns. Byggir það á þeim stjórnarskrárvörðu grundvallarréttindum að einstaklingar hafi aðgang að dómstólum og rétt á réttlátri málsmeðferð. Eru þessi réttindi ekki einungis varin í 1. mgr. 70. gr. stj.skr. heldur einnig í 1. mgr. 6. gr. MSE og 1. mgr. 14. gr. samnings um borgaraleg og stjórn mála.

réttindi. Umboðsmaður Alþingis hefur í álitum sínum lagt áherslu á mikilvægi gjafsóknar í þeim tilgangi að fyrrnefnd réttindi séu raunhæf og virk.

Pegar rætt var um frumvarp til laga um gjafsókn á Alþingi árið 1907 birtist sú meginafstaða að jafnræði ætti að vera meðal borgara landsins og aðgangur þeirra að dómstólum ætti að vera sem auðveldastur. Með setningu laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála urðu grundvallar-

breytingar á gjafsóknarákvæðum þáverandi einkamálalaga nr. 85/1936. Markmiðið var að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum.

Lögbundnar gjafsóknarheimildir er einnig að finna í íslenskum sér-lögum. Er ekki fyllilega ljóst hvers vegna Alþingi hefur valið tiltekna málaflokka fram yfir aðra til að tryggja gjafsókn án tillits til efnahags. Vekur sú staðreynd upp spurningar um jafnræði borgaranna fyrir lögum. Mun einfaldara væri að hafa rýmri almennar reglur um gjafsókn og tryggja jafnræði borgaranna með þeim hætti.

Standast nógildandi gjafsóknarákvæði kröfur MSE?

Með setningu laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var meðal annars lögfestur sá vilji Alþingis að veiting gjafsóknar væri ekki eingöngu grundvölluð á fjárhagslegum sjónarmiðum. Hægt væri að veita gjafsókn í málum sem hefðu mikla þýðingu fyrir samfélagið í heild eða þegar um grundvallar mannréttindi viðkomandi væri að ræða. Með lögum nr. 7/2005 var svo felld brott heimildin til að veita gjafsókn á öðrum grundvelli en fjárhagslegum.

Þegar horft er til síðastnefndrar brottfellingar þarf að líta til þess hvort lagabreytingin hafi hugsanlega falið í sér of umfangsmiklar takmarkanir á gjafsóknarréttinum. Mikilvægt er að skoða dóma MDE vegna 1. mgr. 6. gr. MSE enda líklegt að íslenskir dómstólar muni horfa til þeirra við túlkun 1. mgr. 70. gr. stj.skr. Telur MDE að í sumum tilvikum sé nauðsynlegt að gjafsókn sé veitt til að skilyrði réttlátrar málsmeðferðar séu uppfyllt. Hefur MDE sett fram viðmiðunarreglu í

því samhengi þar sem áhersla er lögð á að meta verði allar aðstæður einstaklingsins og málsins í heild svo sem hversu flókið málið sé og mikilvægi þeirra réttinda sem eru í húfi. Það er því hugsanlegt að eftir að b-liður 1.mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var felldur úr gildi standist nógildandi gjafsóknarákvæði í íslenskum lögum ekki kröfur MSE.

Ólík útfærsla norrænu gjafsóknarákvæðanna

Gjafsóknarákvæðin í Danmörku, Svíþjóð og Noregi byggja á sama hugmyndafræðilega grunni og þau íslensku en eru útfærð á ólíkan hátt. Íslensku lögin eru þau einu sem ekki bjóða upp á neins konar ókeypis réttaraðstoð heldur eingöngu möguleika á gjafsókn en dönsku, sænsku og norsku lögin bjóða öll upp á möguleika á annars konar réttaraðstoð ásamt gjafsóknarheimildinni. Sú staðreynd að hið opinbera býður ekki upp á annars konar réttaraðstoð hlýtur óhjákvæmilega að ýta undir rýmri túlkun á íslensku gjafsóknarákvæðunum þar sem einstaklingum er ekki boðið upp á aðra möguleika á opinberri fjárhagsaðstoð vegna lögfræðilegra álitafna sem komið geta upp.

Þótt erfitt geti verið að bera saman tekjuviðmiðunarmörk á milli landa vegna mismunandi aðstæðna í hverju landi vekur það samt athygli að tekjuviðmið hinna Norðurlandanna eru mun hærri en þau viðmið sem sett eru í reglugerð nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar. Í 7. gr. segir að miða eigi við 1.600.000 íkr. fyrir einstakling en í Danmörku er miðað við 236.000 dkr., í Svíþjóð 260.000 skr. og í Noregi við 230.000 nkr. fyrir einstaklinga. Auk þess sæta þessar fjárhæðir árlegri endurskoðun í Danmörku a.m.k., en hér er hvorki

kveðið á um endurskoðun né vísitölubindingu.

Víðtækar takmarkanir á gjafsókn 2008

Á grundvelli breytinganna á gjafsóknarákvæðunum frá 2005 var sett reglugerð nr. 45/2008 en í henni er að finna víðtækar takmarkanir á gjafsóknarveitingum. Tekju- og eignaviðmið þrengjast og eru ítarlegar reglur um til hvers skuli líta við mat á því hvort veita eigi gjafsókn. Í ljósi þess að gjafsókn á að tryggja borgurum aðgang að dómstólum og réttláta málsmeðferð sem varinn er í 1. mgr. 70. gr. stj.skr. og 1. mgr. 6. gr. MSE verður að teljast athugasvert að heimildir til jafn víðtækra takmarkana og finna má í reglugerð nr. 45/2008 séu ekki lögfestar. Í dönsku og sænsku gjafsóknarlögum eru tekju- og eignarmörk gjafsóknar tiltekin í lögum sjálfum en í þeim norsku, líkt og þeim íslensku, er ráðuneytinu veitt heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna þar á meðal tekju- og eignarmörkin.

Samantekt

Mikilvægt er að gjafsóknarákvæði XX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verði endurskoðuð með það í huga að tekju- og eignaviðmiðunarmörk verði sett í lögin sem og aðrar takmarkanir á gjafsóknarheimildinni. Reglugerð nr. 45/2008 yrði þannig felld úr gildi hvað varðar þau atriði. Einnig er mikilvægt að skoða hvort brottfelling b-liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 með lögum nr. 7/2005 hafi falið í sér of víðtækar takmarkanir á gjafsóknarréttindum og þannig komið í veg fyrir raunhæfa virkni réttarins til aðgangs einstaklinga að dómstólum og réttlátri málsmeðferð í einhverjum tilvikum.

Í tilefni 100 ára lagakennslu á Íslandi

„Mér virðist það fullkomlega óviðeigandi, að heimta það, að íslensk embættismannaefni fari til annara landa, þar sem önnur tunga er töluð, til þess að afla sér þeirrar mentunar, sem nauðsynleg er til þess, að þeir síðar meir geti gegnt almennilega embættum hér á landi...“

Kristján Jónsson alþingismaður 1903

Árið 1903 flutti Jón Magnússon, alþingismaður og síðar forsætisráðherra, frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi. Hugmyndin var langt því frá ný en helstu stjórnmalaskörungar 19. aldar höfðu borið málið upp á Alþingi frá því það var endurreist 1845. Upphaflega stóð Jón Sigurðsson forseti fyrir því að námsmenn í Kaupmannahöfn sendu nýstofnuðu Alþingi bænaskrá um þjóðskóla þar sem hugmynd að innlendri lagakennslu var meðal annars viðruð. Á þeim 60 árum frá því Alþingi var stofnað hafði málið verið tekið upp á 22 þingum, ýmist í formi bænaskráa eða frumvarpa, og munu fá eða engin mál hafa verið lögð eins oft fyrir þingið.

Sjálfstæðisbarátta þjóðar

Barátta fyrir innlendri lagakennslu var hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga en stjórnmalamenn töldu mikla þörf á að rannsaka eldri lög og samræma laga-setningu landsins. Þannig var lagaskólanum fyrst og fremst ætlað að gera lögfræðinámið íslenskt en einn stjórnmalamanna orðaði það svo að lögfræðin á Íslandi væri óplægður akur og ekki einu sinni lögfræðingar kynnu íslensk lög.

Á fyrsta ríkisráðsfundinum sem Hannes Hafstein, nýskipaður ráðherra Íslands, sat í Kaupmannahöfn 4. mars 1904 fékk hann frumvarp til laga um lagaskóla samþykkt en það var eitt af fimm frumvörpum sem Alþingi hafði samþykkt árið 1903. Þrátt fyrir að lögin væru loks samþykkt tók tíma að koma skólanum af pappír og út í lífið en hann var ekki stofnaður fyrr en árið 1908 eða fjórum árum síðar.

Að byggja hús í blautri mýri

Pegar lagaskólinn var settur í fyrsta skipti 1. október 1908 sagði Lárus H. Bjarnason forstöðumaður að skólinn ætti að búa til lagaembættismenn landsins. Fyrst þyrfti hann þó að byggja íslenska lögfræði upp frá grunni en í henni hefði engin kennslubók nokkru sinni verið til. Hann líkti starfinu framundan við það að





Lárus H. Bjarnason



Einar Arnórsson



Jón Kristjánsson

byggja hús í blautri mýri. Til þess að það væri mögulegt þyrfti fyrst að veita vatninu burtu og þurrka byggingarsvæðið. Á því væri býsna mikið af stöðnu vatni og öðrum óhreinindum sem væru útlendu lagaboðin. Svo þyrfti að draga byggingarefnið saman en það væru íslensk lög, íslenskar venjur og íslenskir dómar. Þá fyrst væri hægt að byggja úr efninu, koma rannsóknum fyrir í kerfi og búa til kennslubækur.

Auk Lárusar var Einar Arnórsson ráðinn til skólans og Jón Kristjánsson haustið 1909. Sex nemendur hófu nám við lagaskólann í upphafi en í nóvember bættist sá sjöundi við. Lagaskólinn var einn af þremur embættismannaskólum landsins sem rann í Háskóla Íslands þegar hann var stofnaður þann 17. júní 1911. Þaðan útskrifuðust fyrstu kandiðatarnir með íslenskt embættispróf í lögum sumarið 1912.

Á nýju ári kemur út bók um lagadeild Háskóla Íslands sem undirrituð ritstýrir.
Eyrún Ingadóttir

Og þurfi aðrar þjóðir vermireit handa sinum gróðri, hversu miklu fremur þurfum vér Íslendingar hans þá ekki, vér sem erum afskektari en aðrir og kaldara er kringum en flesta aðra. Já, sannarlega ætti vitjunartími vor að vera kominn.

Lárus H. Bjarnason var ötull baráttumaður fyrir stofnun Háskóla Íslands. Í blaðinu *Reykjavík* 3. apríl 1909 birtist ræða sem hann flutti á Alþingi er háskólamálið var til umræðu.

Útgáfa íslenskra lögfræðiritra 1908-1918

Mikið starf beið þremmenninganna sem urðu kennarar lagaskólans en á næstu tíu árum sömdu þeir níu kennslubækur í lögum auk þess að skrifa fjölda greina um lögfræðileg málefni.

1910: *Íslenskur sjóréttur eftir Jón Kristjánsson. Prentað sem handrit.*

1911: *Dómstólar og réttarfar á Íslandi eftir Einar Arnórsson.*

1911: *Ný lögfræðisleg formálabók eftir Einar Arnórsson.*

1912: *Íslenskur kirkjuréttur eftir Einar Arnórsson.*

1913: *Íslenskt stjórnлагаfræði eftir Lárus H. Bjarnason. Prentuð sem handrit.*

1913: *Réttarstaða Íslands eftir Einar Arnórsson.*

1913: *Íslenskur kröfurjettur (sjerstaki parturinn) eftir Jón Kristjánsson.*

1916: *Íslenskur verslunarrjettur, ætlaður verslunarskólanum eftir Jón Kristjánsson.*

1918: *Meðferð opinberra mála eftir Einar Arnórsson. Fylgirit með Árbók Háskóla Íslands háskólaárið 1918-1919.*

Viðskiptalífið þarfnast öflugra lögfræðinga. Sérhæft laganám skapar forskot.

 Bryndís Hlökkversdóttir
forseti lagadeildar



WWW.BIFRÖST.IS

Meistaránám í lagadeild

ML Í LÖGFRÆÐI
MA Í SKATTARÉTTI

Meistarapróf í lögum frá Háskólanum á Bifröst opnar leiðir á öllum sviðum hefðbundinnar lögfræði, sérstaklega þó á fyrirtækja- og fjármálamarkaði. Í lagadeild Háskólans á Bifröst er boðið upp á tvenns konar meistaránám. Annars vegar 60 eininga nám til ML gráðu sem veitir aukna fræðilega þekkingu á lögfræði, auk þjálfunar í lögmannsstörfum og ráðgjöf. Að náminu

loknu öðlast nemendur rétt til að þreyta próf til máflutningsréttinda. Hins vegar er boðið upp á 45 eininga MA nám í skattarétti. Námið er undirbúningur fyrir vinnu við skattamál hjá hinu opinbera, í bönkum, hjá ráðgjafarfyrirtækjum og víðar.

Meistaránám í lagadeild er eftirsóknarvert framhaldsnám sem veitir fjölbreytta starfsmöguleika.

VIÐSKIPTAÐEILD

- BS í viðskiptafræði
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

FÉLAGSVÍSINDAÐEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

LAGAÐEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is